



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifakönnun vegna framkvæmda

við leiðagarða á Patreksfirði

-Viðbót við útgefna skýrslu NV. nr 5-14.



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Ágúst 2015

NV nr. 17-15

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstaða.....	4
Kort	5

Inngangur

Við vettvangsrannsókn sem fór fram vegna leiðagarða árið 2014 var svæðið sem þær minjar sem hér verður fjallað um utan svæðis sem skilgreint hafði verið. Á síðari stigum virðist svæðið hafa stækkað örlítið og þessar þrjár minjar innan svæðis. Þessi skýrsla er því viðbót við skýrsluna *Fornleifakönnun vegna framkvæmda við leiðagarða á Patreksfirði*. NV nr. 4-14. Á þessu svæði eru þrjár minjar sem ekki virðast mjög gamlar, en eru hlaðnar og því skráðar enda aldur ekki fullkomlega ljós.

Geirseyri ÍS-209334- 157-028

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: E 270764 N 575386

Staðhættir: Við enda götunar Sigtúns á Patreksfirði og ofan við hús nr. 1, 9 og 11 við Hjalla er hlaðin grunnur af fjárhúsi. Steypa er í hleðslunni með járnabindingu svo ekki er víst að um svo gamalt fjárhús sé að ræða allavega ekki sá hluti sem sést á yfirborði.



Mynd 1. Fjárhúsrúst ofan við Hjalla. Sést í leifar af steypu úr gólfi.

Minjalýsing: Rústin er ca. 8 m á lengd og ca. 5 m að breidd og eru hleðslur lágar eða um 20 cm en mjög greiningar þar sem rústin er ekki gróin.

Geirseyri ÍS-209334- 157-029

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: : E 270732 N 575392

Staðhættir: Við enda götunar Sigtúns á Patreksfirði og ofan við hús nr. 1, 9 og 11 við Hjalla er hlaðin grunnur af fjárhúsi [157-128]. Þar í kring hefur verið hlaðinn garður til að halda fé við fjárhúsið. Garðurinn er að hluta til horfinn.



Mynd 2. Garðlag sem liggur að steiptum brunni.

Minjalýsing: Garðurinn er 51 m í vestur- austur og 29 m í norður – suður að brunni [157-30] og er í hálfhring í kring um fjárhúsrústina. Hann er ekki hár en einn og einn stór steinn er í hleðslunni. Hæðin er hæst um 30 cm.

Geirseyri ÍS-209334- 157-30

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: : E 270788 N 575390

Staðhættir: Við enda götunar Sigtúns á Patreksfirði og ofan við hús nr. 1, 9 og 11 við Hjalla er hlaðin grunnur af fjárhúsi [157-128]. Þar í kring hefur verið hlaðinn garður til að halda fé við fjárhúsið [157-129]. Við norður enda garðsins er brunnur.



Mynd 3. Steyptur brunnur ofan við fjárhúsið.

Minjalýsing : Brunnurinn er steyptur og hefur líklega verið notaður samtíða fjárhúsinu. Hann er ferkantaður og nokkuð tekin að brotna.




Niðurstaða

Alls óvíst er hvort þessar minjar [157-128],[157-129],[157-130] séu nógu gamlar til að flokkast sem fornminjar. Heimildir eru um að á fyrrihluta 20. aldar hafi verið nokkuð af fjárhúsum í hlíðinni ofan við bæinn. Steypa í minjunum bendir til að ekki sé um mjög fornar minjar að ræða.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Skýringar:

- 000 Nr. minja
-  Framkvæmdarsvæði
-  Fyrirhugaður ofanflóðagarður
-  Áætlað raskað land

Yfirlitsmynd af minjum á framkvæmdarsvæðum á Patreksfirði

Hönnun og útlínur framkvæmdarsvæðis: Landmótun

Mælikvarði: 1:3000

Dags: 25.11.2015

Náttúrustofa Vestfjarða

Hulda Birna Albertsdóttir



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Skýringar:

- 000 Nr. minja
- Framkvæmdarsvæði
- Fyrirhugaður ofanflóðagarður

Yfirlitsmynd af minjum á framkvæmdarsvæði ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði

Mælikvarði: 1:500

Dags: 25.11.2015

Náttúrustofa Vestfjarða

Hulda Birna Albertsdóttir